

Hænsna-Póris saga

Hænsna-Þóris saga

1. kafli

Oddur hét maður Önundarson breiðskeggs, Úlfarssonar, Úlfssonar á Fitjum, Skeggjasonar, Þórissonar hlammanda. Hann bjó á Breiðabólstað í Reykjardal í Borgarfirði. Hann átti þá konu er Jórunn hét. Hún var vitur kona og vel látin. Þau áttu fjögur börn, sonu tvo vel mannaða og dætur tvær. Annar son þeirra hét Þóroddur en annar Þorvaldur. Þuríður hét dóttir Odds en önnur Jófríður. Hann var kallaður Tungu-Oddur. Engi var hann kallaður jafnaðarmaður.

Torfi hét maður og var Valbrandsson, Valþjófssonar, Örylgssonar frá Esjubergi. Hann átti Þuríði Tungu-Odds dóttur. Þau bjuggu á öðrum Breiðabólstað.

Arngrímur hét maður Helgason, Högnasonar er út kom með Hrómundi. Hann bjó í Norðurtungu. Hann var kallaður Arngrímur goði. Helgi hét son hans.

Blund-Ketill hét maður, son Geirs hins auðga úr Geirshlíð, Ketilssonar blunds er Blundsvatn er við kennt. Hann bjó í Örnólfsdal. Það var nokkuru ofar en nú stendur bærinn. Var þar mart bæja upp í frá. Hersteinn hét son hans. Blund-Ketill var manna auðgastur og best að sér í fornum sið. Hann átti þrjá tigu leigulanda. Hann var hinn vinsælasti maður í héraðinu.

Þorkell trefill hét maður. Hann var Rauða-Bjarnarson. Hann bjó í Svignaskarði fyrir utan Norðurá. Helgi var bróðir Þorkels er bjó í Hvammi í Norðurárdal. Annar var Gunnvaldur, faðir Þorkels er átti Helgu dóttur Þorgeirs á Víðimýri. Þorkell trefill var vitur maður og vel vinsæll, stórauðigur að fé.

Þórir hét maður. Hann var snauður að fé og eigi mjög vinsæll af alþýðu manna. Hann lagði það í vanda sinn að hann fór með sumarkaup sitt héraða í milli og seldi það í öðru er hann keypti í öðru og græddist honum brátt fé af kaupum sínum. Og eitt sinn er Þórir fór sunnan um heiði hafði hann með sér hænsn í för norður um land og seldi þau með öðrum kaupskap og því var hann kallaður Hænsna-Þórir.

Nú græðir Þórir svo mikið að hann kaupir sér land er að Vatni heitir upp frá Norðurtungu. Og fá vetur hafði hann búið áður hann gerðist svo mikill auðmaður að hann átti undir vel hverjum manni stórfé. En þó að honum græddist fé mikið þá héldust þó óvinsældir hans því að varla var til óþokkasælli maður en Hænsna-Þórir var.

2. kafli

Einn dag gerir Þórir heiman ferð sína og ríður í Norðurtungu og hitti Arngrím goða og bauð honum barnfóstur: "Vil eg taka við Helga syni þínum og geyma sem eg kann en eg vil hafa vináttu þína í mót og fylgi til þess að eg nái réttu af mönnum."

Arngrímur svarar: "Svo líst mér sem lítill höfuðburður muni mér að þessu barnfóstri."

Þórir svarar: "Eg vil gefa sveininum hálf tólf fé mitt heldur en eg nái eigi barnfóstrinu en þú skalt rétta hluta minn og vera skyldur til við hvern sem eg á um."

Arngrímur svarar: "Það ætla eg mála sannast að neita eigi því er svo er vel boðið."

Fór þá Helgi heim með Þóri og heitir þar nú síðan bærinn að Helgavatni. Arngrímur veitti Þóri umsjá og þykir þegar ódælla við hann og nær hann nú réttu máli af hverjum manni. Græðist honum nú stórmikið fé og gerist hinn mesti auðmaður. Hélt honum enn óvinsældin.

Það var eitt sumar að skip kom af hafi í Borgarfjörð og lögðu þeir eigi inn í ósinn en lögðu utarlega á höfnina. Örn hét stýrimaður. Hann var vinsæll maður og hinn besti kaupdrengur.

Oddur frétti skipkomuna. Hann var vanur í fyrra lagi í kaupstefnur að koma og leggja lag á varning manna því að hann hafði héraðsstjórn. Þótti engum dælt fyrr að kaupa en vissi hvað hann vildi að gera.

Nú hittir hann kaupmenn og fréttir eftir hversu þeir ætla sína ferð eða hve skjótar sölu þeir vildu hafa og sagði þann vanda að hann legði lag á varning manna.

Örn svarar: "Sjálfir ætlum vér að ráða vorri eigu fyrir þér því þú átt engan pening með vorum varnaði og muntu ráða að sinni eigi meira en þú mælir."

Oddur svarar: "Það grunar mig að það gegni þér verr en mér og svo skal og vera. Er því að lýsa að vér bönnum öllum mönnum kaup við yður að eiga og svo flutningar allar svo að eg skal fé af þeim taka sem yður veita nokkura björg. En eg veit að þér flytjist eigi úr höfninni fyrir misgöngin."

Örn svarar: "Ráða máttu ummælum þínum. Eigi látum vér kúgast að heldur."

Oddur ríður nú heim en Austmenn liggja þar í höfninni og gefur þeim eigi í brottu.

3. kafli

Annan dag eftir reið Hersteinn Blund-Ketilsson út á Nes. Hann fann Austmenn er hann reið utan. Kannast hann við stýrimann og varð vel að skapi.

Örn sagði Hersteini hversu mikinn ójafnað Oddur bauð þeim "og þykjumst vér eigi vita hversu vér skulum með fara voru máli."

Þeir talast við um daginn og að kveldi ríður Hersteinn heim og segir föður sínum frá farmönnum og hvar nú er komið þeirra máli.

Blund-Ketill svarar: "Við kennist eg mann þenna að þinni frásögn að því að eg var með föður hans þá eg var barn og hefi eg eigi nýtara dreng fundið en hans föður og er það illa að hans kosti er þröngt. Og það mundi faðir hans ætla að eg mundi nokkuð líta á hans mál ef hann þyrfti þess við. Og nú á morgun snemma skaltu ríða út í Höfn og bjóða honum hingað með svo marga menn sem hann vill. En ef hann vill annað heldur þá skal flytja hann hvert er hann vill, suður eða norður, og skal eg leggja á allan hug sem eg hefi fõng á honum við að hjálpa."

Hersteinn kvað það gott ráð og drengilegt "er þó er meiri von að þar fyrir höfum vér óvingan annarra."

Blund-Ketill svarar: "Þar sem vér berum eigi verra mál til en Oddur þá kann vera að oss falli það létt."

Nú líður nóttin en þegar um morguninn snemma lætur Blund-Ketill safna hrossum úr haga og er þá búin ferðin og rekur Hersteinn hundrað hrossa í móti kaupmönnum og þurfti einkis á bú að biðja. Hann kemur út þangað og sagði Erni tillag föður síns. Örn kvaðst gjarna þenna kost þiggja vilja en kvaðst þó hygga að þeir feðgar mundu fá óvináttu annarra manna fyrir þetta. Hersteinn kvað þá eigi verða farið að því.

Örn mælti: "Þá skulu hásetar mínir flytja sig í önnur héruð og er þó ærið í ábyrgð þó að vér séum eigi allir í einu héraði."

Hersteinn flytur nú Örn heim með sér og varning hans og skilst eigi fyrir við en allir kaupmenn eru í brottu og búið um skip og öllu til skila komið. Blund-Ketill tekur afar vel við Erni. Sat hann þar í góðum fagnaði.

Komu nú tíðindi þessi fyrir Odd hvað Blund-Ketill hefir ráðs tekið og tala menn nú um að hann hafi sýnt sig í mótgangi við hann.

Oddur svarar: "Kalla má það svo en þar er sá maður er bæði er vinsæll og kappsamur. Þó vil eg enn vera láta svo búið."

Og er nú enn kyrrt.

4. kafli

Sumar þetta var lítil grasvöxtur og eigi góður fyrir því að lítt þornaði og varð alllítill heybörg manna.

Blund-Ketill mælti um haustið við landseta sína og segir að hann vildi heyleigur hafa á öllum löndum sínum: "Eigum vér mart fé ganganda en hey fást lítil. Eg vil og ráða fyrir hversu miklu slátrað er í haust á hverju búi allra minna landseta og mun þá vel hlýða."

Nú líður sumar og kemur vetur og er snemma nauðamikill norður um Hlíðina en viðbúningur lítil. Fellur mönnum þungt. Fer svo fram um jól. Og er þorri kemur þá ekur hart að mönnum og eru margir þá upp tefldir.

Og að kveldi eins dags kemur landseti Blund-Ketils og segir sig vera í heyrproti og krefur úrlausna.

Bónði svarar: "Hverju gegnir það? Eg þóttist svo til ætla að hausti að eg hugði að vel mundi hlýða."

Sjá svarar að færri var slátrað en hann sagði.

Blund-Ketill sagði: "Við skulum eiga kaup saman. Eg mun leysa þig úr vandræði þessu um sinn en þú seg þetta engum manni því að eg vil eigi venja menn upp á mig, allra helst síðan þér hafið þó eigi haft mín tillög."

Sá fór heim og sagði sínum vin að Blund-Ketill sé afbragð annarra manna í sínum viðskiptum og kvað hann sig úr vandræði leyst hafa. En sá sagði sínum vin og verður það svo víst um allt héraðið.

Líður stund og kemur góí. Þá koma tveir landsetar hans og segja sig í heyrproti.

Blund-Ketill svarar: "Illa hafið þér gert að þér hafið af brugðið mínum ráðum því að það er þann veg þó að vér höfum hey mikil þá höfum vér og fé því fleira. Nú ef eg miðla yður þá hefi eg ekki til míns fjár. Er nú hér um að kjósa."

Þeir ala á málið og tjá vesöld sína. En honum þótti hörmulegt að heyra á þeirra veinan og lét reka heim fjóra tigu hrossa og hundrað og lét drepa fjóra tigu hrossa þau er verst voru en gaf landsetum sínum það fóður sem hrossunum var ætlað áður. Fara þeir heim fegnir.

Veturinn gerist því verri sem meir leið á og verður örkola fyrir mörgum.

5. kafli

Nú kemur einmánuður og koma tveir landsetar Blund-Ketils. Þeir áttu sér hóti helst nokkurs kosti í fémunum en þó voru þeir nú í heyþroti og biðja hann úrlausna. Hann svarar þá og kveðst eigi til hafa enda lést hann eigi vilja drepa fleira fé. Þeir fréttu ef hann viti nokkura þá menn er hey hefðu til sölu. Hann kveðst eigi víst vita. Þeir sækja fast eftir og segja nú að fé þeirra muni deyja ef þeir fá enga hjálp af honum.

Hann sagði það af sjálfdáðum orðið "en sagt er mér að Hænsna-Þórir muni hafa hey til sölu."

Þeir svöruðu: "Af honum munum vér eigi fá nema þú farir með oss og mun hann þá þegar selja ef þú gengur í vörslu fyrir oss um kaupin."

Hann svarar: "Það má eg gera að fara með yður en það er sannlegt að þeir selji sem til hafa."

Þeir fara snemma um morguninn og var á norðan strykur sá og heldur kaldur. Þórir bóndi var úti staddur í það mund, sér mennina fara að garði, gengur inn síðan og rekur aftur hurð og lætur fyrir loku, fer til dagverðar.

Nú er drepíð á dyr.

Sveinninn Helgi tekur til orða: "Gakktu út fóstri minn því að menn munu vilja hitta þig."

Þórir kveðst mundu matast fyrst en sveinninn hleypur undan borðum og gengur til hurðar og heilsar þeim vel er komnir voru. Blund-Ketill spurði hvort Þórir væri heima. Hann sagði svo væri.

"Bið þú hann útgöngu," sagði hann.

Sveinninn gekk inn og sagði að Blund-Ketill var kominn úti og vildi hitta hann.

Þórir svaraði: "Af hverju mun Blund-Ketill draga nasirnar? Kynlegt ef hann fer að góðu. Ekki erindi á eg við hann."

Sveinninn fer og sagði þeim að Þórir vildi eigi út ganga.

"Já," sagði Blund-Ketill, "þá skulum vér inn ganga."

Þeir ganga til stofu og var þeim heilsað en Þórir þagði.

"Svo er varið," sagði Blund-Ketill, "að vér viljum kaupa hey að þér Þórir."

Þórir svarar: "Eigi er mér þitt fé betra en mitt."

Blund-Ketill mælti: "Ýmist veitir það."

Þórir svarar: "Hví ertu í heyþroti, auðigur maður?"

Blund-Ketill segir: "Eigi er eg greiðlega í heyþroti og fala eg fyrir landseta mína er þurfa þykjast úrlausna. Vildi eg gjarna fá þeim ef til væri."

"Það muntu eiga allra heimilast að veita öðrum þitt en eigi mitt."

Blund-Ketill svarar: "Eigi skulum vér gjafar að biðja. Láttu Odd og Arngrím gera verð fyrir þína hönd en þar á ofan vil eg gefa þér gjafir."

Þórir kveðst eigi hey til hafa að selja "enda vil eg eigi selja."

Þá gengur Blund-Ketill út og þeir félagar og sveinninn með þeim.

Þá tekur Blund-Ketill til orða: "Hvort er heldur að fóstri þinn hefir engi hey til sölu eða vill hann eigi selja?"

Sveinninn svarar: "Hefir hann víst ef hann vill."

Blund-Ketill mælti: "Fylgdu oss þangað til sem heyin eru."

Hann gerir svo. Nú gerir Blund-Ketill til fjár Þóris og hugðist svo að, þó að algjafna væri til alþingis, að þó mundi af ganga fimm stakkar. Og eftir þetta ganga þeir inn.

Blund-Ketill mælti: "Svo hyggst mér um heykost þinn að góður fengur mun af ganga þó að fé þínu öllu sé inni gefið til alþingis og vil eg það kaupa."

Þórir svarar: "Hvað skal eg þá hafa annan vetur ef þá er slíkur vetur eða verri?"

Blund-Ketill svarar: "Gera mun eg þér þann kost að fá þér jafnmikinn kost í heyjum í sumar og þó að engu verri og færa í garða þína."

Þórir svarar: "Ef þér hafið nú yður eigi heybjörg hvað munuð þér þá heldur hafa í sumar? En veit eg að er sá ríkismunur okkar að þú munt taka mega hey af mér ef þú vilt."

Blund-Ketill svarar: "Eigi er þann veg upp að taka. Það veistu að silfur gengur í allar skuldir hér á landi og gef eg þér það við."

Þórir svarar: "Eigi vil eg silfur þitt."

"Þá taktu þvílíka vöru sem þeir gera til handa þér, Oddur og Arngrímur."

"Fátt er hér verkmanna," segir Þórir, "en eg nenni lítt ferðum og vil eg eigi vasast í slíku."

Blund-Ketill svarar: "Þá skal eg láta færa þér heim."

Þórir mælti: "Eigi hefi eg húsakost til þess að örvænt sé að eigi spillist."

Blund-Ketill svarar: "Eg skal fá til húðir og búa um svo að vel sé."

Þórir svarar: "Eigi vil eg spark annarra manna í húsum mínum."

Blund-Ketill svarar: "Þá skal vera hjá oss í vetur og mun eg varðveita."

"Veit eg gjálgrun þína," segir Þórir, "og vil eg engu kaupa við þig."

Blund-Ketill mælti: "Þá mun fara verr og munum vér allt að einu hafa heyið þó að þú bannir en leggja verð í staðinn og njóta þess að vér erum fleiri."

Þá þagnar Þórir og gerir eigi gott í skapi. Blund-Ketill lætur taka reip og binda heyið. Eftir það hefja þeir upp klyfjar og bera í brott heyið en ætla vel til alls fjár.

6. kafli

Nú skal segja frá hvað Þórir hafðist að. Hann býr heiman ferð sína og Helgi fóstri hans með honum. Þeir ríða í Norðurtungu og var þar tekið við þeim afar vel. Spurði Arngrímur tíðinda.

Þórir svarar: "Ekki hefi eg nú nýlegra spurt en ránið."

"Hvað var ránið?" sagði Arngrímur.

Þórir svarar: "Blund-Ketill hefir rænt mig öllum heyjum svo að eigi ætla eg forkast eftir nautum í köldu veðri."

"Er svo Helgi?" segir Arngrímur.

"Engu gegnir það," segir Helgi, "fór Blund-Ketill vel með sínu máli."

Sagði Helgi þá hversu farið hafði með þeim.

Þá sagði Arngrímur: "Það var líkara. Betur er það hey komið að hann hefir en hitt er fúnar fyrir þér."

Þórir svarar: "Illu heilli bauð eg þér barnfóstur. Skal oss aldrei það illbýli gert að oss sé hér tilgangur að heldur og að vor hlutur sé réttur og eru slíkt firn mikil."

Arngrímur svarar: "Það var þegar ófyrirsynju því að eg ætla þar vondum manni að duga sem þú ert."

Þórir svarar: "Eigi er eg orðsjúkur maður en illa uni eg að þú launar svo mína gerð eða það þó að menn ræni mig því að eigi er þetta síður frá þér tekið."

Og skildust við svo búíð.

Ríður Þórir á braut og koma á Breiðabólstað og heilsar Oddur honum vel og spyr tíðinda.

"Ekki hefi eg nýlegra frétt en ránið."

"Hvað ráni var það?" sagði Oddur.

Þórir svarar: "Blund-Ketill tók hey mín öll svo að eg er nú með öllu óbirgur. Vildi eg gjarna hafa þína ásjá en þetta mál kemur og til þín, þar sem þú ert forráðsmaður héraðsins, að rétta það sem rangt er gert og máttu það á minnast að hann gerðist þinn fjandmaður."

Oddur spurði: "Er svo Helgi?"

Hann sagði að Þórir affærði stórmjög, greinir nú allt hversu fór. Oddur svarar: "Eigi vil eg mér af skipta. Mundi eg svo hafa gert ef eg þyrfti."

Þórir svarar: "Satt er það er mælt er, að spyrja er best til válegra þegna og án er illt um gengi nema heiman hafi."

Ríður Þórir í brott við svo búið og Helgi með honum og fer heim og unir illa við.

7. kafli

Þorvaldur son Tungu-Odds hafði út komið um sumarið fyrir norðan land og þar vistaðist hann um veturinn. Hann fór norðan er leið að sumri á fund föður síns og gisti um nótt í Norðurtungu í góðum beina.

Sá maður var þar fyrir á gistingu er Víðfari hét. Hann var reikanarmaður. Hjóp hann á milli landshorna. Hann var frændi Þóris náinn og áþekkur honum í skapsmunum.

Þetta sama kveld tekur Víðfari föt sín og stökkur á brott og léttir eigi fyrr en hann kemur til Þóris.

Hann tekur við honum báðum höndum: "Veit eg og að nokkuð gott mun mér leiða af þinni komu."

Hann svarar: "Gerast mætti það því að nú er Þorvaldur Oddsson kominn í Norðurtungu og er þar nú á gistingu."

Þórir svarar: "Það vissi eg að sjá að mér mundi nokkuð gott að höndum koma því að mér varð allgott við er eg sá þig."

Nú líður nóttin af hendi og þegar um morguninn ríður Þórir og þeir fóstrar í Norðurtungu. Er þar fjöldi manna kominn og var sveininum gefið seturúm en Þórir reikar á gólfinu.

Það getur Þorvaldur að líta er hann situr á pallinum og þeir Arngrímur og töluðu sín á milli.

"Hver er sjá maður er reikar um gólfið?" segir Þorvaldur.

Arngrímur svarar: "Hann er barnfóstri minn."

"Já," segir Þorvaldur, "hví skal honum eigi rúm gefast?"

Arngrímur kvað hann eigi varða.

"Eigi skal svo vera," sagði Þorvaldur og lætur kalla hann til sín og gefur honum rúm að sitja hjá sér.

Spyrjast síðan almæltra tíðinda.

Hann svarar Þórir: "Raun var þetta er Blund-Ketill rændi mig."

Þorvaldur spurði: "Er sæst á?"

"Fjarri fer um það," segir Þórir.

"Hví gegnir það Arngrímur," sagði Þorvaldur, "að þér höfðingjar látið þá skömm fram fara?"

Arngrímur svarar: "Lýgur hann mestan hlut frá og er alllítið til haft."

"Var það þó satt að hann hafði heyið?" segir Þorvaldur.

"Hafði hann víst," segir Arngrímur.

"Bær er hver að ráða sínu," sagði Þorvaldur, "og kemur honum fyrir lítið vinfengi við þig ef hann skal þó undir fótum troðinn."

Þórir mælti: "Allvel líst mér á þig Þorvaldur og svo segir mér hugur um að þú munir nokkuð leiðrétta mitt mál."

Þorvaldur mælti: "Eg hefi lítið traust undir mér."

Þórir mælti: "Eg vil gefa þér fé mitt hálf til þess að þú réttir málið og hafir annaðhvort sektir eða sjálfðæmi svo að óvinir mínir sitji eigi yfir mínu."

Arngrímur mælti: "Ger eigi þetta Þorvaldur því að eigi er góðum dreng að duga þar sem hann er en þú átt við þann um er bæði er vitur og vel að sér og að öllu vinsæll."

"Sé eg," segir Þorvaldur, "að þér leikur öfund á ef eg tek við fé hans og anntu mér þess eigi."

Þórir mælti: "Svo er að að hyggja Þorvaldur að fé mitt mun reynast frítt og aðrir menn vita að mér er eigi fé goldið víða fyrir mitt eigin."

Arngrímur mælti: "Letja vil eg þig enn Þorvaldur að þú takir við máli þessu en þú munt gera sem þér líkar. Uggir mig að mikið hljótist af."

Þorvaldur svarar: "Eigi mun eg neita fjárviðtökunni."

Nú handsalar Þórir honum fé sitt hálf og þar með málið á hendur Blund-Katli.

Arngrímur mælti þá enn: "Hversu ætlar þú með að fara máli þessu Þorvaldur?"

"Eg mun fara fyrst á fund föður míns og hyggja þaðan að ráðum."

Þórir mælti: "Eigi hugnar mér það. Vil eg eigi hinkur. Hefi eg mikið til unnið og vil eg þegar á morgun láta fara og stefna Blund-Katli."

Þorvaldur svarar: "Þetta mun vera reyndar að þú munt vera engi gæfumaður og illt mun af þér hljótast. En svo mun nú vera verða."

Og binda þeir Þórir að hittast í ákveðnum stað um morguninn.

8. kafli

Þegar snemma um morguninn ríður Þorvaldur og Arngrímur með honum með þrjá tigu manna. Hitta þeir Þóri og var hann við þriðja mann. Þar var Helgi Arngrímsson og Víðfari frændi Þóris.

Þorvaldur mælti: "Hví ertu svo fámennur Þórir?"

Hann svarar: "Eg vissi að þig mundi eigi lið skorta."

Þeir ríða nú upp eftir Hlíðinni. Mannferðin var sén af bæjunum og hleypir hver af sínum bæ. Þykist sá best hafa er fyrst kemur til Blund- Ketils og er þar mart manna fyrir. Þeir Þorvaldur ríða að garði og stíga þar af hestum sínum og ganga heim að bænum.

Þegar Blund-Ketill sér þetta gengur hann móti þeim og býður þeim þar að þiggja allan greiða.

Þorvaldur mælti: "Annað er erindi hingað en eta mat. Eg vil vita hverju þú vilt svara fyrir mál það er þú tókst upp hey Þóris."

Blund-Ketill svarar: "Slíku þér sem honum. Ger einn fyrir svo mikið sem þér líkar og þó skal eg gefa þér gjafir ofan á, því betri og meiri sem þú ert meira verður en Þórir, og svo mikinn skal eg þinn sóma gera að það sé allra manna mál að þú sért vel sæmdur af."

Þorvaldur þagnar og þótti vel boðið.

Þórir svarar þá: "Eigi er þetta að þiggja og þarf eigi að hugsa um það. Löngu átti eg þenna kost og kalla eg mér lið eigi veitt þó að slíkt sé og til lítils kom mér að gefa þér fé mitt."

Þá mælti Þorvaldur: "Hvað viltu þá gera fyrir lögmálsstaðinn?"

Blund-Ketill mælti: "Eigi annað en þú gerir og einn skapir slíkt er þú vilt."

Þá svarar Þorvaldur: "Svo líst mér sem engi sé annar á ger en að stefna."

Hann stefnir þá Blund-Katli um rán og nefnir sér votta og hefir þau orð og umkvæði sem hann fékk frekust haft.

Nú snýr Blund-Ketill heim að húsum og mætir Austmanninum Erni er hann gekk að varnaði sínum.

Örn spurði: "Ertu sár bóndi er þú ert svo rauður sem blóð?"

Hann svarar: "Eigi er eg sár en eigi er þetta betra. Þau orð eru töluð við mig sem aldrei hafa áður töluð verið. Eg er kallaður þjófur og ránsmaður."

Örn tekur boga sinn og lætur koma ör á streng og kemur þá út í því er þeir stigu á bak. Hann skaut og varð maður fyrir og lætur sígast niður af hestinum og var það Helgi son Arngríms goða. Þeir hlaupa að honum.

Þórir otar sér fram milli manna og hratt mönnum frá sér og biður gefa sér rúm "því að mér mun mest um hugað."

Hann laut að Helga niður og var hann þá dauður.

Þórir mælti: "Er lítill mátturinn fóstri minn?"

Þórir réttist þá frá honum og mælti: "Talaði sveinninn við mig. Sagði hann tvisvar hið sama, þetta hérna:"

Brenni, brenni
Blund-Ketil inni.

Arngrímur svarar þá: "Nú fór sem mig varði að oft hlýtur illt af illum og grunaði mig að mikið illt mundi af þér hljóta Þórir og eigi veit eg hvað sveinninn hefir sagt þó að þú fleiprir eitthvert. En þó er eigi ólíklegt að slíkt verði gert. Hófst þetta mál illa. Kann og vera að svo lúkist."

Þórir svarar: "Eiga þykir mér þú nokkuð nauðsynlegra en ávíta mig."

Þeir Arngrímur ríða nú brott undir skógarnef eitt og stíga af hestum og eru nú þar til þess að náttar. En Blund-Ketill þakkar mönnum vel sitt liðsinni og bað hvern mann ríða heimleiðis sem best gegndi.

9. kafli

Svo er sagt að þegar er náttáði ríða þeir Þorvaldur að bænum í Örnólfsdal. Voru þar þá allir menn í svefni. Þeir draga viðarköst að bænum og slá í eldi. Vakna þeir Blund-Ketill eigi fyrr en húsin loguðu yfir þeim. Blund-Ketill spurði hverjir þar kveiktu svo heitan eld. Þórir sagði hverjir voru. Blund-Ketill frétti ef nokkuð skyldi ná sáttum. Þórir sagði að engi er kostur annar en brenna. Þeir skiljast nú eigi fyrr við en hvert mannsbarn er þar inni brunnið.

Hersteinn son Blund-Ketils hafði farið um kveldið til fóstura síns er Þorbjörn hét og var kallaður stígandi. Það er mælt að Þorbjörn væri eigi allur jafnan þar sem hann var sénn.

Hersteinn vaknar um morguninn og spurði hvort fósturi hans vekti.

Hann kveðst vaka "eða hvað viltu?"

"Mig dreymdi að mér þótti sem faðir minn gengi hér inn og loguðu um hann klæðin öll og allur þótti mér sem hann væri eldur einn."

Þeir standa upp og ganga út og sjá skjótt logann. Þeir taka vopn sín og fara hvatlega og voru þá allir menn á brottu er þeir komu þar.

Hersteinn mælti: "Hér eru orðin hörmuleg tíðindi eða hvað er nú til ráða?"

Þorbjörn svarar: "Nú skal neyta þess boðs er Tungu-Oddur hefir oft mælt að eg skyldi til hans koma ef eg þyrfti nokkurs við."

Hersteinn svarar: "Eigi þykir mér það vænlegt."

En þó fara þeir og koma á Breiðabólstað og kalla út Odd. Hann gengur út og tekur við þeim vel og spurði tíðinda. Þeir sögðu slík sem orðin voru. Hann lætur illa yfir.

Þorbjörn karl tekur þá til orða: "Á þá leið er Oddur bóndi," sagði hann, "að þú hefir heitið mér ásja þinni og vil eg nú til þess taka að þú leggir til nokkur góð ráð og komir til."

Oddur kvaðst svo gera mundu. Ríða þeir nú í Örnólfsdal og koma þar fyrir dag. Voru þá fallin húsin og fölskaður mjög eldurinn. Nú ríður Oddur að húsi einu því er eigi var allt brunnið.

Hann seilist til birkrafts eins og kippir brott úr húsinu, ríður síðan andsælis um húsin með loganda brandinn og mælti: "Hér nem eg mér land fyrir því að hér sé eg nú eigi byggðan bólstað. Heyri það vottar þeir er hjá eru."

Hann keyrir síðan hestinn og ríður í brott.

Hersteinn mælti: "Hvað er nú til ráða? Eigi reyndust þessi vel."

Þorbjörn mælti: "Þegi þú ef þú mátt hvað sem í gerist."

Hersteinn svarar og kvaðst það eina talað hafa er eigi var við of.

Útibúr var óbrunnið, það sem varningur Austmanns var inni og mikið fé annað.

Í þessu hverfur Þorbjörn karl. Nú lítur Hersteinn heim til bæjarins og sér útibúrið opið og út borið féið en engan sér hann manninn. Þar eru bundnar klyfjar. Þar næst heyrir hann hark mikið í túnið, sér nú að heim eru rekin hross öll þau er faðir hans hafði átt, sauðir og naut úr fjósi og allt ganganda fé. Síðan eru klyfjar upp hafðar og því næst öllu á ferð snúið og allt fémætt á brott fært.

Hersteinn víkur nú eftir og sér að Þorbjörn karl rekur féið. Þeir snúa leið sinni ofan eftir héraði í Stafholtstungur og svo út yfir Norðurá.

10. kafli

Sauðamaður Þorkels trefils úr Svignaskarði gekk þenna morgun að fé sínu. Hann sér hvar þeir fara og reka alls kyns fénað.

Hann segir þetta Þorkatli en hann svarar: "Veit eg hverju gegna mun. Það munu vera Þverhlíðingar vinir mínir. Þeir hafa vetrarnauð mikla og munu þeir reka hingað fé sitt. Skal þeim það heimilt. Eg hefi hey ærin. Eru hér og nógar jarðir útifé."

Hann gekk út er þeir komu í tún og fagnar þeim og býður allan greiða slíkan sem þeir vilja þegið hafa. Varla náðu þeir að stíga af baki, svo var bóndi beinn við þá.

Þorbjörn mælti: "Mikið er nú um beina þinn og væri mikið undir að þú efndir þetta allt vel er þú hefir heitið okkur."

"Veit eg erindi þitt að féið mun hér skulu eftir vera og skortir hér eigi jörð nóga og góða."

Þorbjörn mælti: "Þiggja munum við það."

Þá víkur hann Þorkatli hjá húsunum og mælti: "Tíðindi mikil eru að segja."

Þorkell spurði hver þau væru.

"Blund-Ketill bóndi var brenndur inni í nótt," sagði Þorbjörn.

"Hverjir gerðu það níðingsverk?" sagði Þorkell.

Þorbjörn sagði þá allt sem farið hafði "og þarf Hersteinn nú þinna heillaráða."

Þorkell mælti: "Eigi þætti mér ráðið hvort eg mundi svo skjótt á boð brugðist hafa ef eg hefði þetta vitað fyrr. En mínum ráðum vil eg nú láta fram fara og förum nú til matar fyrst."

Þeir játuðu því. Þorkell trefill var þá mjög fámálugur og nokkuð hugsí. Og er þeir voru mettir lætur hann taka hesta þeirra. Síðan taka þeir vopn sín og stíga á bak. Ríður Þorkell fyrir þann dag og mælti áður að vel skyldi geyma fjárins í haganum en gefa vel því sem inni var.

Þeir ríða nú út á Skógarströnd á Gunnarsstaði. Það er innarlega á ströndinni. Þar bjó sá maður er Gunnar hét og var Hlífason, mikill maður og sterkur og hinn mesti garpur. Hann átti systur Þórðar gellis er Helga hét. Gunnar átti tvær dætur. Hét önnur Jófríður en önnur Þuríður.

Þeir koma þar síð dags, stíga af baki fyrir ofan hús. Vindur var á norðan og heldur kalt. Þorkell gengur að durum og klappar en húskarl gengur til hurðar og heilsar vel þeim sem kominn var og spyr hver hann væri.

Þorkell kvað hann eigi vita mundu að gerr þó hann segði honum "og bið Gunnar út ganga."

Hann kvað Gunnar kominn í rekkju. Hann biður hann segja að maður vill hitta hann.

Húskarl gerir svo, gengur inn og segir Gunnari að maður vill hitta hann. Gunnar spurði hver hann væri.

Húskarl kvaðst það eigi vita "en mikill er hann vexti."

Gunnar mælti: "Far þú og seg honum að hann sé hér í nótt."

Húskarl fer og gerir sem Gunnar bauð en Þorkell kvaðst eigi vilja þiggja boð af þrælum heldur að bónda sjálfum.

Húskarl segir að það væri sannlegra "en eigi hefir Gunnar vana til þess að standa upp um nætur. Gerðu annaðhvort," sagði húskarl, "að þú far á brott eða gakk inn og ver hér í nótt."

"Gerðu annaðhvort," segir Þorkell, "að þú rek erindi duganda eða eg legg sverðshjöltin á nasir þér."

Húskarl hleypur inn og rekur aftur hurðina. Gunnar spurði hví hann færi svo óðlega.

Hann sagðist eigi vildu tala fleira við hinn komna mann "því að hann er mjög hastorður."

Gunnar reis þá upp og gekk út í túnið. Hann var í skyrtu og línbrókum, möttul yfir sér og svarta skó á fótum, sverð í hendi. Hann fagnar vel Þorkatli og biður hann inn ganga. Hann segir að þeir voru fleiri saman.

Gunnar gengur út í túnið en Þorkell þrífur í hurðarhringinn og rekur aftur hurðina. Þeir ganga þá á bak húsunum. Gunnar heilsar þeim.

Þorkell sagði: "Setjumst vér niður því að vér eigum mart að tala við þig Gunnar."

Þeir gera svo, setjast niður á tvær hendur honum og svo nær að þeir sátu á skikkjunni er Gunnar hafði yfir sér.

Þorkell mælti þá: "Svo er háttað Gunnar bóndi að hér er sá maður í ferð með mér er Hersteinn heitir, son Blund-Ketils. Er eigi því erindi að leyna að hann vill biðja dóttur þinnar Þuríðar. Hefi eg og fyrir þessa sök með honum farið að eg vildi eigi að þú vísaðir manningum frá því að mér sýnist happarád hið mesta. Þykir mér og miklu varða að eigi sé óvirt þetta mál og mín tillög eða seint svarað."

Gunnar mælti: "Eigi er eg einhlítur um svör þessa máls og vil eg ráðast um við móður hennar og svo við dóttur mína og einkum við Þórð gelli frænda hennar. En góðar einar fréttir höfum vér til þessa manns og svo til föður hans og er þetta ásjámál."

Þá svarar Trefill: "Svo skaltu til ætla að vér munum eigi lengi vonbiðlar vera konunnar og þykjumst vér eigi minnur sjá fyrir þinni sæmd en vorri. Þykir mér og kynlegt um svo vitran mann sem þú ert að þú virðir slíka hluti fyrir þér svo vel sem boðið er. Höfum vér og svo að eins heiman gert ferð vora að eigi mun til einskis ætluð. Og mun eg Hersteinn veita þér slíkt lið sem þú vilt að þetta fari fram ef hann kann eigi að sjá hvað honum sómir."

Gunnar svarar: "Það fæ eg eigi skilið hví þér látið svo brátt að þessu eða haldið við heitan sjálfa því að mér líst þetta mjög jafnræði en einskis ills örvænti eg fyrir yður og mun eg það ráð upp taka að rétta fram höndina."

Og svo gerir hann en Hersteinn nefnir sér votta og fastnar sér konu. Eftir þetta standa þeir upp og ganga inn. Er þeim veittur beini góður.

Nú spyr Gunnar tíðinda. Þorkell segir að þeir hafi nú eigi annað nýlegar frétt en brennu Blund-Ketils. Gunnar spurði hver því olli. Þorkell segir að Þorvaldur Oddsson var upphafsmaður að og Arngrímur goði. Gunnar svaraði fá, lastaði lítt enda lofaði eigi.

11. kafli

Þegar um morguninn í ár er Gunnar á fótum og gengur að Þorkatli og það þá klæðast. Þeir gera svo, ganga síðan til snæðings. Eru þá og búnir hestar þeirra og stíga þeir á bak. Ríður Gunnar fyrir inn með firðinum. Þá voru íslög mikil.

Eigi léttu þeir fyrr en þeir koma í Hvamm til Þórðar gellis og fagnar hann þeim vel og spurði tíðinda. Þeir sögðu slíkt er þeim líkaði.

Gunnar heimtir Þórð á mál og segir að þar er í för Hersteinn son Blund-Ketils og Þorkell trefill, "er það erindi þeirra að Hersteinn mælir til mægða við mig en til samfara við Þuríði dóttur mína eða hversu ráðlegt líst þér það? Maður er vænn og gervilegur. Hann skortir og eigi fé því faðir hans hefir það mælt að hann mundi af hendi láta búið en Hersteinn tæki við."

Þórður svarar: "Vel er mér við Blund-Ketil því að einn tíma er við Tungu-Oddur deildum á alþingi um þrælsgjöld er dæmdust á hendur honum og fór eg að heimta í foraðsillu veðri og vér þrír saman og komum um nótt til Blund-Ketils og var oss þar allvel fagnað og þar vorum vér viku. Hann skipti við oss hestum en gaf mér góð stóðhross. Slíkt reyndi eg af honum en þó líst mér svo á að eigi muni því misráðið þó að eigi sé þessu keypt."

"Svo máttu til ætla," sagði Gunnar, "að eigi mun hún föstnuð öðrum manni þó henni bjóðist því að mér líst sjá maður vasklegur og vel boðinn og mikil hætta í hversu til tekst ef þessum manni er frá vísað."

Eftir það gengur Gunnar til fundar við dóttur sína því að hún var með Þórði á fóstri og fréttir hana eftir hversu henni var um gefið.

Hún svarar að eigi er henni svo mikil manngirnd í hug að henni þætti eigi jafngott að sitja heima "því að eg á kost góðrar forsjá þar sem Þórður er frændi minn. En ykkarn vilja mun eg gera um þetta og annað."

Nú elur Gunnar á málið við Þórð og segir að honum líst þetta ráð allsæmilegt.

Þórður svarar: "Hví skaltu eigi gefa honum dóttur þína ef þér líkar?"

Gunnar svarar: "Því að eins gef eg hana að það sé jafnvel þinn vilji sem minn."

Þórður kvað beggja þeirra ráð þetta vera skyldu.

"Eg vil," sagði Gunnar, "að þú Þórður fastnir Hersteini konuna."

Þórður svarar: "Sjálfur skaltu það gera að fastna dóttur þína."

Gunnar svarar: "Mér þykir meiri virðing í að þú fastnir hana því að það samir betur."

Þórður lét nú þetta leiðast og fóru nú festar fram.

Þá mælti Gunnar: "Bið eg enn að þú látir hér vera boðið í Hvammi og mun þá gert verða með mestri sæmd."

Þórður bað hann því og ráða ef honum þætti svo betur.

Gunnar segir: "Svo munum vér til ætla að vér látum þegar vera á viku fresti."

Eftir það stíga þeir á bak og snúa á ferð og viku Þórður á götu með þeim og spurði enn ef nokkuð væri nýtt að segja.

Gunnar svarar: "Ekki höfum vér nú nýlegar frétt en brennu Blund-Ketils bónda."

Þórður spurði hversu það varð en Gunnar sagði allan atburðinn um brennuna og hver henni olli og svo hverjir það gerðu.

Þórður mælti: "Eigi mundi þessu gjaforði svo skjótt ráðið hafa verið ef eg hefði þetta vitað og þykist þér nú allmjög hafa komist fyrir mig í viti og beittan brögðum í þessu. En þó þykir mér eigi víst að þér séuð yður einhlítir að þessu máli."

Gunnar mælti: "Þar er gott til trausts að ætla sem þú ert enda er þér nú skylt að veita mági þínum en vér erum skyldir að veita þér því að margir heyrðu að þú fastnaðir konuna og þetta var allt við þitt ráð gert. Og er nú vel að þér reynið eitt sinn hver yðvar drjúgastur er höfðingjanna því að þér hafið lengi úlfs munni af etist."

12. kafli

Nú skiljast þeir og er Þórður hinn reiðasti og þykir honum þeir hafa gabbað sig. En þeir ríða nú fyrst á Gunnarsstaði og þykjast allvel leikið hafa að þeir höfðu komið Þórði í málið með sér og voru nú allkátir. Eigi ríða þeir nú suður að sinni en bjóða mönnum til boðs og sækja í Hvammi að ákveðnum tíma.

Hafði Þórður þar mart fyrirboðsmanna og skipar mönnum í sæti um kveldið. Sat hann sjálfur á annan bekk og Gunnar mágur hans og hans menn en Þorkell trefill hjá brúðguma á annan bekk og þeirra boðsmenn. Brúðir skipuðu pall.

Og svo sem borð voru sett og allir menn í sæti komnir þá stökk Hersteinn brúðgumi fram yfir borðið og gengur þar að sem einn steinn stóð.

Hann steig öðrum fæti upp á steininn og mælti: "Þess strengi eg heit," sagði hann, "að áður alþingi er úti í sumar skal eg hafa fullsektað Arngrím goða eða sjálfðæmi ella."

Síðan stígur hann í sæti sitt.

Gunnar stökk þá fram og mælti: "Þess strengi eg heit," sagði hann, "að áður alþingi er úti í sumar skal eg hafa sótt til útlegðar Þorvald Oddsson eða hafa sjálfðæmi ella."

Upp stígur hann undir borð og mælti til Þórðar: "Hví situr þú Þórður og mælir eigi um? Vitum vér að slíkt er þér í hug sem oss."

Þórður svarar: "Kyrnt mun það að sinni."

Gunnar svarar: "Ef þú vilt að vér tölum fyrir þig þá er það til reiðu. En vitum vér að þú ætlar þér Tungu-Odd."

Þórður mælti: "Þér skuluð ráða yðrum ummælum en eg mun því ráða hvað eg tala. Endið þetta vel sem þér hafið um mælt."

Eigi var til nýlundu fleira að boðinu en þó fór það allskörulega fram og er það þraut fór hver sem fyrir lá. Og líður veturinn af hendi.

Og er vorar safna þeir að sér mönnum og fara suður til Borgarfjarðar og koma í Norðurtungu og stefna Arngrími til þings í Þingnes og Hænsna-Þóri.

Nú skilst Hersteinn frá liðinu með þrem tígum manna þangað sem hann sagði hinn síðasta náttstað verið hafa Þorvalds Oddssonar, því að hann var þá farinn af vist sinni.

Nú er ókyrrt í héraðinu og mikil umræða og samandráttur liðs af hvortveggi hendi.

13. kafli

Það varð til tíðinda að Hænsna-Þórir hvarf brott úr héraðinu við tólfta mann þegar hann spurði hverjir í málið voru komnir og fréttist alls eigi til hans.

Oddur safnar nú liði um dalina, Reykjardal hvortveggi og Skorradal, og um allar sveitir fyrir sunnan Hvítá og þó hafði hann mart úr öðrum sveitum.

Arngrímur goði safnaði mönnum um Þverárhlið og Norðurárdal að sumum hluta.

Þorkell trefill safnaði mönnum hið neðra um Mýrar og Stafholtstungur og suma Norðurdæla hefir hann með sér því að Helgi bróðir hans bjó í Hvammi og hefir hann hann með sér.

Nú safnar Þórður gellir liði vestan og hefir eigi mart lið. Hittast nú þessir allir er í voru málinu og hafa alls tvö hundruð manna, ríða nú ofan fyrir utan Norðurá og yfir á að Eyjavaði fyrir ofan Stafholt og ætla yfir Hvítá þar sem heitir Þrælastraumur.

Þá sjá þeir mannaferð mikla fyrir sunnan ána. Er þar Tungu-Oddur og nær fjögur hundruð manna. Gæða nú ferðina og vilja fyrr koma til vaðsins. Hittast nú við ána og hlaupa þeir Oddur af baki og verja vaðið en þeim Þórði gengur ógreitt framreiðin og vildu gjarna komast á þingið. Slær nú í bardaga og verða þegar áverkar. Féllu fjórir menn af Þórði. Þar féll Þórólfur refur bróðir Álfs úr Dölum, virðulegur maður, og hverfa nú frá við svo búíð. Einn maður féll af Oddi en þrír urðu mjög sárir.

Þórður snýr nú málinu til alþingis. Þeir ríða nú heim vestur og þykir mönnum mjög hallast hafa metorð vestanmanna.

Nú ríður Oddur á þingið. Hann sendi heim þræla sína með hross. Jórunn kona hans spurði tíðinda er þeir komu heim.

Þeir kváðust engi segja kunna önnur en þau að sá maður var einn kominn vestan úr Breiðafirði að svara kunn Tungu-Oddi "og var hans hljómur og rödd sem griðungur gelldi."

Hún kvað það engi tíðindi þótt honum væri svarað sem öðrum manni en kvað þó það hafa gerst að tíðindum að eigi væri líklegra til.

"Var þar og bardagi," sögðu þeir, "og féllu fimm menn alls en margir urðu sárir."

En áður gátu þeir þess að engu.

Nú líður þingið og verður þar eigi til tíðinda. En er þeir mágar koma heim vestur skipta þeir bústöðum. Fer Gunnar í Örnólfsdal en Hersteinn tekur Gunnarsstaði. Eftir þetta lætur Gunnar færa til sín vestan við þann allan sem Örn austmaður hafði átt og flytja heim í Örnólfsdal. Tekur hann til síðan og húsar upp bæinn í annað sinn því að Gunnar var allra manna hagastur. Hann var og um allt atgervismaður og manna best vígur og hinn vaskasti í öllu.

14. kafli

Nú líða stundir fram allt til þess að menn ríða til þings. Er nú mikill viðbúnaður í héruðunum. Ríða nú hvorirtveggju ákafa fjölmennir.

Og er þeir Þórður gellir koma á Gunnarsstaði er Hersteinn sjúkur og má eigi fara til þings. Selur hann nú öðrum í hendur sakirnar. Eftir voru hjá honum þrír tigir manna.

Nú ríður Þórður til þings. Hann safnar að sér vinum sínum og frændum og kemur snemma til þings. En þingið var þá undir Ármannsfelli. Og svo sem flokkar koma hefir Þórður liðsdrátt mikinn.

Nú er sán ferð Tungu-Odds. Ríður Þórður þá í mót honum og vill eigi að hann nái þinghelginni. Oddur ríður með þremur hundruðum manna. Þeir Þórður verja þingið og slær þá þegar í bardaga. Tekst brátt mannfall en allmargir urðu sárir. Þar féllu sex menn af Oddi því Þórður var miklu fjölmennari.

Þetta sjá góðgjarnir menn að þau vandræði mundu af standa ef þingheimurinn berðist að seint mundi bætur bíða. Er þá gengið í milli og verða skildir og snúið málum til sættar og var Oddur ofurliði borinn og varð undan að láta fyrir því að bæði var að hann þótti þyngra málahlut eiga að flytja enda varð hann aflvani fyrir liðs sakir. Var þá það mælt að Oddur mundi tjalda á brottu úr þinghelgi en ganga til dóma og að nauðsynjum sínum, fara með sig spaklega, sýna enga þrjósku né hans menn. Sitja menn nú yfir málum og leita að sætta þá og horfir Oddi þunglega fyrir það mest að mikið ofurefli var í móti.

15. kafli

En nú skal segja nokkuð af Hersteini, að honum létti brátt sóttarinnar er þeir riðu til þingsins. Fer hann þá í Örnólfsdal.

Það var einn morgun snemma að hann var í smiðju því að hann var manna hagastur á járn.

Þá kemur þar bóndi einn sá er Örnólfur hét og sagði svo: "Sjúk er kýr mín," sagði hann, "og bið eg þig Hersteinn að þú farir og sjáir hana. Þykir oss nú gott að þú ert aftur kominn og höfum vér þá nokkuð svo iðgjöld föður þíns er oss varð að mestu gagni."

Hersteinn svarar: "Eigi hirði eg um kú þína og kann eg eigi að sjá hvað henni er til meins."

Bóndi svarar: "Mikill er þó munur að faðir þinn gaf mér kúna en þú vilt eigi sjá hana."

Hersteinn svarar: "Eg gef þér aðra kú ef þessi deyr."

Bóndi svarar: "Það vil eg fyrst þiggja að þú sjáir þessa."

Hersteinn sprettur þá upp og verður hermt við og gengur út og bóndinn með honum, snúa síðan í veg til skógar. Liggur þar ein sneiðigata og skógurinn á tvær hendur. Og er Hersteinn fer klifgötuna nemur hann staðar. Hann var allra manna skyggnastur.

Hann mælti þá: "Kom þar fram skjöldur í skóginum?"

Bóndi þagði.

Hersteinn mælti: "Hefir þú svikið mig hundurinn þinn? Nú ef þú ert í nokkurum særum að leyna þá leggst þú niður í götuna og tala eigi orð. En ef þú gerir eigi þetta þá mun eg drepa þig."

Bóndinn leggst þá niður en Hersteinn snýr heim og kallar á menn sína. Þeir taka vopn sín og fara þegar í skóginn og finna Örnólf í götunni. Þeir biðja hann fara með sér þangað sem mælt var að þeir skyldu finnast. Nú fara þeir þar til er þeir koma í eitt rjóður.

Þá mælti Hersteinn til Örnólfs: "Eigi vil eg skylda þig til að tala en far nú sem fyrir þig var lagið."

Bóndi hleypur þá upp á hól einn og blístrar hátt. Síðan hlaupa þar fram tólf menn og var þar Hænsna-Þórir fyrir flokki. En þeir Hersteinn taka þessa menn höndum og drepa. Höggur Hersteinn sjálfur höfuð af Þóri og hefir með sér, ríða nú síðan suður til þings og segja þar þessi tíðindi. Verður Hersteinn ágætur mjög af þessu verki og fær af virðing mikla sem von var að.

Nú er setið yfir málum manna og verða þær málalyktir að Arngrímur goði verður sekur fullri sekt og allir þeir er að brennunni voru nema Þorvaldur Oddsson. Hann skyldi vera utan þrjá vetur og eiga þá útkvæmt. Gefið var fé fyrir hann og svo til farningar öðrum mönnum. Þorvaldur fór utan um sumarið og var leiddur upp á Skotlandi og þjáður þar.

Nú eftir þetta var slitið þinginu og þykir mönnum Þórður vel og skörulega hafa fylgt þessum málum.

Arngrímur goði fór og utan um sumarið og er það eigi ákveðið hversu mikið fé goldið var. Lýkur á þá leið þessum málum.

Ríða menn síðan heim af þingi en þeir fara utan sem mælt var er sekir voru.

16. kafli

Gunnar Hlífason situr nú í Örnólfsdal og hefir húsað vel. Hann hafði selför og var jafnan mannfátt heima.

Jófríður dóttir Gunnars átti sér tjald úti því að henni þótti það ódauflegra.

Einn dag ber svo til að Þóroddur son Tungu-Odds ríður í Þverárhlið. Hann kemur í Örnólfsdal um farinn veg og gengur inn í tjaldið til Jófríðar. Hún heilsar honum vel. Hann sest niður hjá henni og taka þau tal sín á milli og í því kemur sveinn frá selinu og biður Jófríði taka ofan klyfjar með sér. Þóroddur fer til og tekur ofan klyfjarnar en sveinninn fer síðan í brott og kemur til sels.

Gunnar spyr hví honum yrði nú svo fljótt. Hann svarar engu.

Gunnar spurði: "Sástu nokkuð til tíðinda?"

"Alls eigi," kvað sveinninn.

"Nei," sagði Gunnar, "þannig ertu í bragði sem nokkuð hafi þér fyrir augu borið það sem þér þykir umræðu vert og seg mér ef svo er. Eða er nokkuð manna komið til bæjarins?"

"Engan sá eg kominn," sagði sveinninn.

"Þú munt nú segja verða," sagði Gunnar og tók sviga einn mikinn og ætlar að berja piltinn með.

Eigi fékk hann af honum heldur en áður.

Eftir það fékk Gunnar sér hest og hleypur á bak og ríður skyndilega ofan til veturhúsa með hlíðinni.

Jófríður getur að líta ferð föður síns og sagði Þóroddi og biður hann ríða brott "vildi eg gjarna að eigi hlytist illt af mér."

Þóroddur segist munu bráðlega ríða.

Gunnar ber fljótt að og hleypur af baki, gengur þegar inn í tjaldið. Þóroddur heilsar honum vel en Gunnar tók kveðju hans og spurði síðan hví hann væri þar kominn.

Þóroddur sagði að svo bar til um ferðir hans "og vil eg þó eigi gera þetta til fjandskapar við þig. En vita vil eg hverju þú vilt svara mér ef eg bið Jófríðar dóttur þinnar."

Gunnar svarar: "Eigi mun eg gifta þér dóttur mína við þessa meðferðina. Hefir nú og í odda staðist með oss um hríð."

Síðan reið Þóroddur heim.

17. kafli

Það var einn dag að Oddur segir að eigi mundi illa fallið að hafa nokkurar landsnytjar af Örnólfsdal "þar er aðrir menn hafa sest á eigur mínar að röngu."

Konur sögðu það til liggja, "gerist fé harðla nytlétt og mun þá miklu betur mjólka ef svo er breytt."

"Þá skal þangað fénu halda," sagði Oddur, "því að þar eru hagar góðir."

Þá sagði Þóroddur: "Eg mun bjóðast til að fylgja fénu og mun þá óágengilegra þykja."

Oddur segist það gjarna vilja og fara þeir nú með fénu. Og er þeir eru langt komnir segir Þóroddur að þeir skulu þangað halda fénu að þeir fá versta haga og skermsl eru mest.

Nú líður nóttin af hendi og reka þeir heim féið um morguninn. Og er konur hafa mjólkað þá kveða þær aldrei jafnilla nýst hafa sem þá og er þessa eigi oftast freistað. Líða nú svo stundir fram.

Það var einn morgun snemma að Oddur kemur að máli við Þórodd son sinn: "Þú skalt fara ofan í sveit og safna mönnum og vil eg nú reka menn af eignum vorum en Torfi skal fara upp um Hálsa og gera þeim í kunnleika um þenna fund. Vér skulum hittast við Steinsvað."

Þeir gera nú svo, safna liði. Fá þeir Þóroddur níu tigi manna, ríða síðan til vaðsins. Þeir Þóroddur koma fyrri til vaðsins.

Hann biður þá ríða fyrir "en eg vil bíða föður míns."

Og er þeir koma að garði í Örnólfsdal er Gunnar að gera hlass.

Nú ræðir sveinn um er var með Gunnari: "Menn fara að bænum eigi allfáir saman."

"Já," sagði Gunnar, "svo er það" og gengur heim til bæjarins og tók boga því að hann skaut allra manna best af honum og er þar helst til jafnað er var Gunnar að Hlíðarenda.

Hann hafði þá húsað vel bæinn en gluggur var á útihurðinni svo að inn mátti rétta og út höfuð sitt. Hann stóð við hurðina með bogann.

Nú kemur Þóroddur að bænum, gengur að durum við fá menn og spyr ef Gunnar vill nokkura sætt bjóða.

Hann svarar: "Eg veit eigi að eg eigi nokkuð að bæta. En hitt væntir mig, áður þér fáið mitt vald, að griðkonur mínar muni stungið hafa nokkura þína féлага svefnþorni áður eg hnígi í gras."

Þóroddur svarar: "Satt er það að þú ert afbragð flestra manna nú þeirra sem uppi eru. En þó má koma svo mart lið í móti þér að þú getir eigi við staðið því að faðir minn ríður að garði með mikið lið og ætlar að drepa þig."

Gunnar svarar: "Vel er það. En það mundi eg vilja að eg hefði mann fyrir mig áður eg hnígi að velli. En eigi gruna eg það þótt faðir þinn haldi lítt sættirnar."

"Hina leið er," sagði Þóroddur, "að vér viljum gjarna sættast og rétt nú fram höndina með góðum vilja þínum og gift mér Jófríði dóttur þína."

Gunnar svarar: "Eigi kúgar þú dóttur mína af mér. En eigi væri það fjarri jafnaði boðið sakir þín því að þú ert góður drengur."

Þóroddur svarar: "Eigi mun það svo virt af góðgjörnum mönnum og kann eg mikla þökk fyrir að þú takir þenna kost með þeim máldögum sem því hæfir."

Og nú við umtölur vina sinna og það annars að honum þótti Þóroddur jafnan vel farið hafa með sínu máli þá verður það af að Gunnar réttir fram höndina og lúka svo þessu máli.

Nú í þessu kemur Oddur í tún og snýr Þóroddur þegar í mót föður sínum og spyr hvað hann ætlar. Hann kveðst ætla að brenna bæinn og svo mennina.

Þóroddur svarar: "Á aðra leið er nú komið málinu og erum við Gunnar nú sáttir" og segir allt hve komið er.

"Heyr hér á endemi," segir Oddur, "væri þér þá verra að eiga konuna þótt Gunnar væri drepinn áður er mestur var vor mótstöðumaður? Og höfum vér illt að verki að hefja þig."

Þóroddur svarar og mælti: "Við mig skaltu nú fyrst berjast ef eigi kemur öðru við."

Ganga menn nú í milli og sætta þá feðga. Urðu þær málalyktir að Jófríður er gefin Þóroddi og líkar Oddi stórilla. Fara nú heim við svo búið. Eftir það sitja menn að boði og unir Þóroddur allvel sínu ráði.

Og að vetri afliðnum fer Þóroddur utan því að hann hafði spurt að Þorvaldur bróðir hans var í höftum og vildi leysa hann með fé. Hann kemur til Noregs og kom eigi út síðan og hvorgi þeirra bræðra.

Oddur tók nú að eldast mjög. Og er hann spurði það að hvorgi sona hans mundi til koma tók hann sótt mikla og er að honum tók að þröngva mælti hann við vini sína að þeir mundu flytja hann upp á Skáneyjarfjall þá er hann væri dauður og kvaðst þaðan vildu sjá yfir Tunguna alla. Og svo var gert.

En Jófríður Gunnarsdóttir var síðan gefin Þorsteini Egilssyni að Borg og var hinn mesti kvenskörungur.

Og lýkur þar Hænsna-Þóris sögu.